

Viðbragðsáætlun vegna dreifingar erfðabreyttra plantna/fræja í umhverfið

Fylgiskjal með umsókn ORF Líftækni hf um leyfi til ræktunar á erfðabreyttu byggi í þremur gróðurhúsum í Asparlundi á Laugarási, 806 Bláskógabyggð

Tilgangur: Fræða starfsmenn ORF og tilraunagróðurhússins um hvernig eigi að bregðast við óhappi þar sem erfðabreytt fræ hafa borist út í umhverfið og hvert á að tilkynna um slíkt óhapp.

Áhætta: Að erfðabreytt fræ berist í umhverfið – t.d. vegna óhapps í flutningum

Varúðarráðstafanir: Vel útbúið lokað flutningsílát, hentugt ökutæki, vandvirkni, varkárni, nákvæmni, gengið vel frá sekkjuðu/plöstuðu korni í þar til gerð hólf/kassa/box/gám.

1. Lýsing á vöktunaráætlunum og -aðferðum:

Fylgst er vel með vexti plantanna og að gróðurhús eru í góðu standi og dyr inn í gróðurhúsin lokaðar. Jafnframt að það er engin umferð óviðkomandi aðila um svæðið og að merkingar eru í lagi. Starfsmaður á staðnum sinnir daglegu eftirliti með ástandi gróðurhúsana og ræktuninni og starfsmenn ORF koma 1-2 sinnum í viku til að sinna eftirliti.

2. Ef erfðabreytt fræ dreifast út í umhverfið

Ef erfðabreytt fræ dreifast út í umhverfið, t.d. vegna óhapps í flutningi, skal tilkynna það ORF Líftækni (Jón Már Björnsson, 8211588) ásamt því að tilkynna það til Umhverfisstofnunnar á netfangið ust@ust.is og/eða í síma 5912000 tafarlaust. Tilkynning til Umhverfisstofnunnar skal innihalda upplýsingar um:

- tildrög slyssins;
- tegund og magn erfðabreyttra lífvera sem kunna að hafa dreifst í umhverfið;
- allar nauðsynlegar upplýsingar til að meta áhrif slyssins á heilsu almennings og á umhverfið;
- neyðarráðstafanir sem gerðar hafa verið.

Viðbrögð við slysi sem felur í sér hættu á dreifingu erfðabreyttra planta í umhverfið;

- starfsmaður skal afmarka svæðið sem lífverurnar (fræin) hafa borist á með sýnilegum hætti.
- starfsmaður skal undir eins byrja að tína saman öll fræ af svæðinu í ílát.
- halda skal merkingum á svæðinu til að hægt sé að fylgjast með því áfram.
- fylgst verður með svæðinu í 2 ár eftir þrif og lok ræktunar til að kanna hvort vart verði við erfðabreyttar plöntur
- verði vart við vöxt erfðabreyttra planta á svæðinu á svæðinu verða þær rifnar upp og fargað eins og ræktunarleyfi gerir ráð fyrir. Einnig má úða svæðið með viðeigandi illgresiseyði ef talin er þörf á því að höfðu samráði við sérfræðinga LbHÍ og yrði það tilkynnt sérstaklega til UST.

Samskonar tilkynningarskylda er ef vart verður við skemmdarverk eða tilraun til skemmdarverka.

21. maí 2024

/Jón Már Björnsson – ORF Líftækni hf
Víkurbvarf 7, 203 Kópavogur